

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
20.01.22	17:00	Teams	8
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir		20.01.22
Fundaraðilar mættir			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
Rebekka Karlsdóttir (Röskva)			
Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)			
Stefán Kári Ottósson (Röskva)			
Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka)			
Kjartan Ragnarsson (Röskva)			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)			
Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)			
Kristján Guðmundsson (Röskva)			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)			
Anna María Björnsdóttir (Röskva)			
Brynjólfur Skúlason (Röskva)			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			
Rósa Halldórsdóttir (Röskva)			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)			
Erlingur Sigvaldason (Röskva)			
<b><u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u></b>			
Ingvar Þóroddsson (Röskva)			
Ingu Huld Ármann (Röskva)			
Helenu Gylfadóttur (Röskva)			
<b><u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u></b>			
Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ			
Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ			
Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti SHÍ			
Nanna Hermannsdóttir, verkefnastjóri SHÍ			
Alexandra Kristjánsdóttir, nemandi			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

## Fundardagskrá

### Fundur Stúdentaráðs 20. janúar 2022 á Teams kl. 17:00

*Agenda Student Council Meeting on January 20th 2022 on Teams at 17:00*

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

*Announcements and issues ahead*

4. Skýrsla Stúdentaráðs um húsnæðismál (Kynning og umræður) 17:25-18:00

*Presentation on the Student Council's housing report*

5. Stefna Stúdentaráðs (Kynning og umræður) 18:00-18:20

*The Student Council's policy*

6. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (Kynning og umræður) 18:45-19:00

*The Student Council's financial plan for 2021-2022*

7. Hlé 18:35-18:45

*Intermission*

8. Landsþing LÍS (Umræður) 18:20-18:35

*The National Union of Icelandic Students national assembly*

9. Tillaga um Matarspor - kolefnisspors reiknivél fyrir matvæli (atkvæðagreiðsla)

*19:00-19:15*

*Proposal on Matarspor - carbon footprint calculator for food*

10. Tillaga um fjárhagslegan stuðning Háskóla Íslands við Stúdentaleikhúsið

*(atkvæðagreiðsla) 19:15-19:30*

*Proposal on financial support from the University of Iceland to the Student Theatre*

11. Önnur mál 19:30-19:40

*Other issues*

12. Fundi slitið 19:40

*Meeting ends*

1. Fundur settur 17:04

*Meeting begins*

- a. Breyting á fundardagskrá: fjárhagsáætlun (liður 8) verður breytt í lið 6 fyrir hlé og Landsþing LÍS (liður 6) verður að lið 8.

i. **Atkvæðagreiðsla: 15 kjósa með, einróma samþykkt**

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:07-17:10

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.

b. **Fundargerð er einróma samþykkt (3 á Teams)**

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:29

*Announcements and issues ahead*

- a. **Fundur með nemendafélögum:** Annar samráðsfundur skrifstofunnar með nemendafélögunum verður um mánaðarmótin. Stefnt er að því að hafa hann rafrænt þannig að það þurfi ekki að fresta en það er mikilvægt að ræða vormisserið með félögunum.
- b. **Vísindaferðir í Stúdentaráð:** Það er tvær vísindaferðir eftir af fimm, nánar tiltekið Félagsvísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið. Áætlað var að hafa þær 14. og 28. janúar. Í ljósi aðstæðna er stefnt að því að hafa þær 18. og 25. febrúar. Fyrirvari er þó á því. Þrennuvísó verður einnig að endurskoða með Símanum. Fyndnasti nemandinn verður alfarið rafrænt, eins og gert var í fyrra.
- c. **Íþróttaskólinn:** Skrifstofan ráðfærði sig við öryggisnefnd háskólaráðs og tók í kjölfarið ákvörðun um að biða með að halda námskeiðið. Fyrirséð er að það takist ekki fyrr en á næsta misseri.
- d. **Kjörstjórn:** Stjórnin er búin að eiga sinn fyrsta fund og undirbúningur hafinn. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninganna og kemur skrifstofan ekki að því nema óskað sé eftir því við einstök verkefni, t.a.m. vegna samskipta við stjórnsýsluna. Fyrirspurnir skulu því beinast beint á [kjor@hi.is](mailto:kjor@hi.is). Fjöldi frambjóðenda breytist ekki, verður sú sama.

- e. **Fundur með félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra:** Fundurinn átti að fara fram fimmtudaginn 13. janúar en frestaðist vegna anna ráðherra. Skrifstofa ráðuneytisins hefur samband til að finna nýjan tíma.
- f. **Könnun fyrir vormisserið:** Skrifstofan hefur ákveðið að leggja fram aðra könnun meðal stúdenta. Hún verður sambærileg og könnunin [haustið 2020](#). Stefnt er að því að hún fari út í lok mánaðar. Hún verður notuð til að kanna líðan nemenda, hver status er á nemendum við HÍ.
- g. **Önnur mál á borði skrifstofu:**
- i. **Tillögur vegna nýútskrifaðra sálfræðinga og fæðingarstyrks námsmanna:** Forseti í samráði við sviðsráðsforseta HVS eru að vinna í fyrrnefndu erindi. Lánasjóðsfulltrúi í samráði við fjölskyldunefnd er að vinna í síðarnefndu erindi.
  - ii. **Frumvörp vegna Menntasjóðs námsmanna:** Frumvörpin eru ekki komin á dagskrá þingsins en lánasjóðsfulltrúi hefur þegar hafist handa við að skoða þau með hliðsjón af áður útgefnu efni Stúdentaráðs í þessum málaflokki.
  - iii. **Lágvöruverðsverslun á háskólasvæðið:** Til upprifjunnar höfðu forseti og framkvæmdastjóri FS samband við Krónuna í sumar og hófst þá samtalið um að fá verslunin á Eggertsgötuna. Stjórn Krónunnar þurfti tíma til að meta það. Síðan þá hafa aðrar staðsetningar komið til tals og Krónan t.a.m. haft samband við HÍ vegna bygginga háskólans. Því hefur forseti óskað eftir fundi með rektorsskrifstofu og FS til að ræða betur áformin um að fá verslun á svæðið enda sameiginlegt hagsmunamál.
  - iv. **Samgöngu- og skipulagsmál:** Fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd hefur beðist lausnar og ber Stúdentaráði að auglýsa eftir nýjum fulltrúa og kjósa um hann. Stefnt er að því að gera það í febrúar. Þá hefur forseti óskað eftir því við háskólann að vinna um skipulag svæðisins m.t.t. bílastæða og grænna svæða færast í aukana aftur. Þetta heyrir undir framkvæmda og tæknisvið, það er mjög mikið að gera hjá þeim. Þess vegna hefur þetta legið í dvala.
  - i. **Geðheilbrigðismál:** Fjórdi sálfræðingurinn hefur verið ráðinn og hefur störf í febrúar. Hann verður staðsettur í húsnæði Menntavísindasviðs. Nýju núvítundarnámskeiðin gengu mjög vel fyrir áramót. Námskeiðin í samstarfi við SÁÁ fóru einnig vel af stað. Það er búið að skipuleggja áframhald á hvoru tveggja á vormisseri.
  - v. **Ókyngreind salerni:** Erum að bíða eftir að fá fund með félagsmálaráðherra - sem tengist ekki fundinum sem við eigum með honum síðar (sjá lið: 3.e. )

- vi. **Sjúkra- og endurtökupróf:** Enn í ferli. Jessý og Isabel funduðu með kennslusviði. Það er komin tímalína á vinnuna og allir eru samvinnuþýðir varðandi þetta mál.

**h. Viðburðadagatal**

- i. Það er ekki komin dagsetning fyrir LÍS í dagatalið, sem Isabel fer nánar út í á eftir. Við viljum halda Októberfest í lok maí, gott pepp fyrir alvöru hátíðina sem er haldin um haustið. Það er mikilvægt að virkja félagslífið í HÍ.

1. Ingunn spyr um Októberfest, hvort það verði haldið á malarplaninu líkt og fyrri ár. Isabel segir að það sé verið að skoða hvort það sé hægt að hafa þetta inni og að ástæðan fyrir því er að þetta verður max tveggja daga hátíð. Miðað við aðstæður þá er verið að horfa á eitt kvöld. Þetta verður endurmetið eftir því hvernig takmarkanir eru.

- i. **Stúdentaráðsfundir út vormisserið:** Eftir eru tveir hefðbundnir fundir, þ.e.a.s. í febrúar og mars. Kjörfundur verður í apríl og skiptafundur í maí. Viðveru núverandi Stúdentaráðs er ekki krafist á kjörfundi því nýju kjörnu fulltrúarnir eru boðaðir. Hins vegar er óskað eftir viðveru núverandi ráðs á skiptafundi. Minnt er á að formleg skipti eru ekki fyrr en á skiptafundi þannig að öll halda embættum og störfum sínum áfram fram að því.
- j. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 13. janúar og ræddi ofangreind mál, horfur fyrir vormisseri og stöðuna á hverju sviði fyrir sig.

4. Skýrsla Stúdentaráðs um húsnæðismál (Kynning og umræður) 17:34-18:21

*Presentation on the Student Council's housing report*

- a. Nanna Hermannsdóttir verkefnastjóri Stúdentaráðs kynnir skýrslu um húsnæðismál.
- b. Réttindi stúdenta í velferðarkerfinu - húsnæðismál bættust við í skýrslunni. Nanna fer yfir kaflanna á skýrslunni. Hún talar um EUROstudent könnunina. Stór hluti nemenda er á almennum húsaleigumarkaði. Hækkað leiguverð frá 2017 er 41%, viðbótarlán vegna húsnæðis er 11%. Miðað við fjölda íbúa hjá FS þá getur aðeins 11% nemenda búið á stúdentagörðunum. Tæplega 800 einingar hjá FS hafa bæst við. 400 af þeim einingum eru í undirbúningi.
- c. *Niðurstaða á greiningu á húsnæðisbyrði stúdenta:* Samkvæmt skýrslu er hagstæðara að vera í sambúð ef maður ætlar að koma sér í gegnum nám á leigumarkaði. En það er ekki alltaf hægt að gera ráð fyrir því. Það er verra að vera einhleypur á leigumarkaði. En í skýrslunni er greint frá því hver munurinn er á að búa einn eða í sambúð í stúdentabúð, herbergi eða íbúð á almennum leigumarkaði. Einnig er farið yfir muninn á nemendum með barn/börn eða engin.

- d. *Almennar húsnæðisbætur, skilyrði og undanþágur:* Nanna fer yfir það hverjir eiga rétt á húsnæðisbótum og hverjir ekki. Það eru strangari skilyrði á bótum fyrir stúdenta vegna strangari skilyrða á bótunum.
  - e. *Frumvörp:* Það hafa komið 6 þingmál á síðasta áratug um rýmkaðan bótarétt stúdenta. Ekkert af þessum málum hafa komið í aðra umræðu. Þau hafa aðeins komið upp einu sinni. Lög um húsnæðisbætur var breytt árið 2016, fyrir það fór þetta eftir hverju sveitarfélagi fyrir sig. Nanna talar um hvað það er orðið tímabært að taka fyrir þessi málefni en sérstaklega tengt stúdentum.
  - f. *Viðbótarlán Menntasjóðs námsmanna vegna húsnæðiskostanaðar:* Íþyngjandi húsnæðiskostnaður innbyggður í lánasjóðskerfið, sem mest á einstaklinga sem eru einhleypir. Nanna útskýrir það enn frekar og útreikninginn á bakvið því. Nanna talar um 10 tillögur að úrbótum, margar sem eru ekki endilega kostnaðarsamar.
  - g. Það er hægt að fara yfir skýrsluna enn frekar á [heimasíðu SHÍ](#)
  - h. ***Sjá upptöku fyrir kynninguna í heild sinni***
5. Stefna Stúdentaráðs (Kynning og umræður) 18:21-18:31

*The Student Council's policy*

- a. Forseti og varaforseti fara yfir stöðuna á stefnu Stúdentaráðs.
  - b. Í stefnumótunarferðinni var safnað gögnum um helstu málefni stúdenta. Það vantaði yfirumsjón yfir því hvar við stæðum í ýmsum málum þó að framkvæmdaáætlanir nefnda hafi verið okkur til hliðsjónar og þjónað hlutverki stefnu. Skrifstofan er á fullu að vinna úr gögnum. Sara talar um tímalínuna á stefnu sem ráðið hefur aðgang að. Hún skiptist í fjóra flokka/fasa. Þetta eru aðeins drög sem er verið að sýna upp á skjá, það á eftir að klára stefnuna. Skrifstofan er ennþá í fyrsta fasa og mun vinnan halda áfram til 3. mars þegar drög fara til Stúdentaráðs og þau opin fyrir athugasemdir.
6. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (Kynning og umræður) 18:31-18:45

*The Student Council's financial plan for 2021-2022*

- a. Framkvæmdastýra fer yfir stöðuna á fjárhagsáætlun Stúdentaráðs skv. verklagi.
- b. Umræður myndast um framtíð blaðsins og einingafjölda
  - i. Ellen bendir á að prentun á kostnaði sé hár og spyr hvort það sé hugsanlegt að draga úr kostnaði með því að endurskoða eintök og hlutverk blaðsins. Framkvæmdastýra bendir á að blaðið standi undir sér og að það sé nú þegar búið að fækka eintökum tvisvar á síðasta árinu. Það er ekki hægt að minnka kostnaðinn enn frekar á þessu starfsári vegna samninga sem eru bundnir við fyrirtæki sem greiða fyrir auglýsingar í blöðin.

- ii. Forseti segir Stúdentablaðið vera mál gagn ráðsins til margra ára og að það sé alveg í boði fyrir ráðið að endurhugsa það, en það væri e.t.v. verkefni fyrir næsta starfsár. Hins vegar sé það ljóst að blaðið standi undir sér og vegna nýrrar stefnu ritstjórnar um að gefa það út í póstlista (sem og að það hefur alltaf gefið það út rafrænt) sé hægt að hugsa sér að halda þeirri vegferð áfram, í stað þess að draga meira úr blaðinu.

7. *Hlé 18:45-18:55*

*Intermission*

8. Landsþing LÍS (Umræður) 18:55-19:00

*The National Union of Icelandic Students national assembly*

- a. Dagskrárliður fellur niður þar sem fréttir bárust í hlénu um nýja dagsetningu á Landsþinginu og ljóst að SHÍ komist þá. Fyrst var dagsetningin 17.-20. mars sem er hentaði illa vegna kosninga til Stúdentaráðs og háskólaráðs. Mý dagsetning er 3. - 5. mars.

9. Tillaga um Matarspor - kolefnisspors reiknivél fyrir matvæli (atkvæðagreiðsla)

*19:01-19:20*

*Proposal on Matarspor - carbon footprint calculator for food*

- a. Lagt er til að Stúdentaráð, réttindaskrifstofan og umhverfis- og samgöngunefnd beiti sér fyrir að Matarspor verði tekið upp við Hámu.

*Stúdentaráðsfundur*

*20. janúar 2022*

## **T I L L A G A**

### ***Matarspor - kolefnisspors reiknivél fyrir matvæli***

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð, réttindaskrifstofan og umhverfis- og samgöngunefnd beiti sér fyrir að [Matarspor](#) verði tekið upp við Hámu. Ef tillagan er samþykkt þá verður hún lögð fyrir stjórn Félagsstofnunar stúdenta af forseta Stúdentaráðs og einnig leitast eftir samtali við viðeigandi aðila innan háskólans í samráði við flutningsaðila tillögu.

### **Rökstuðningur**

Hér er lagt til að Matarspor sé innleitt í mótuneytum Hámu. Matarspor er reiknivél fyrir kolefnisspor matvæla fyrir mótuneyti, hönnuð af

verkfræðistofunni EFLU. Reiknivélin getur einnig haldið utan um matarsóun. Samkvæmt útreikningum EFLU og Orkuveitu Reykjavíkur er áætlað að kolefnisspor íslendinga frá matvælum sé ígildi um 12 tonn CO<sub>2</sub> á ári. Til þess að halda hlýnun jarðar innan 1.5° þá er áætlað að þetta tiltekna kolefnisspor þurfi hins vegar að vera ígildi um 4 tonn CO<sub>2</sub> á ári. Áætlað er að matvæli séu um 30% af neysludrifna kolefnisspori einstaklings.

Í stefnu Háskóla Íslands, HÍ26, má finna markmið um „Sjálfbær Starfsemi“:

*„Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggir á markmiðum Íslands í þeim málaflokki.“*

Ef háskólinn stefnir að kolefnishlutleysi er ekki hægt að horfa framhjá kolefnisspori matarins sem framreiddur er í mötuneytum hans. Matarspor mun geta tekið saman ársuppgjör sem hægt er að nýta til að reikna hvað þarf til kolefnishlutleysis. Einnig vekur Matarspor fólk til umhugsunar sem snæðir í Hámu um kolefnisspor matarins og gefur fólki tækifæri á að taka upplýsta ákvörðun í hádeginu þegar val er á milli tveggja eða fleiri valkosta.

*Inga Huld Ármann*

- b. Ingunn spyr hvort þetta sé bara fyrir matinn í Hámu í hádeginu. Inga segir að þetta sé fyrir allt hitt líka, útreikningar á plastinu á samlokunum og salötunum. EFLA er til í samstarf með FS.
- c. Erlingur spyr um kostnaðinum á þessu. Inga svarar að þetta sé 29þúsund með vsk fyrir eitt mötuneyti. Ef það koma fleiri mötuneyti þá er það ódýrara. Svo er einnig hægt að kaupa ársáskrift sem kostar enn minna.
- d. Rætt er enn frekar um hvort það sé hætta á því að það falli of mikil ábyrgð á einstaklinginn, að einstaklingur fái samviskubit við því að kaupa vörur sem eru hærrí í kolefnisspori en aðra. Inga talar um að þetta sé góður punktur og hefur ekki mikla vitneskju á þessu. Það er farið út í umræður um loftslagskviða sem getur fylgt. Stúdentaráðsliðar ræða um þörfina á aukna vitneskju meðal einstaklinga, hvað þeir eru að kaupa og hver áhrifin eru, - kolefnissporin sem fylgja kaupum á mati.



- i. Í lok umræðunnar voru flestir sammála um að þetta væri gott tól fyrir FS til að sýna kolefnissporin. Inga talar einnig um hvernig þetta lítur út hjá öðrum fyrirtækjum sem nota þetta: sést á skjá og er alls ekki “aggressive”.

**e. Atkvæðagreiðsla: 17, einróma samþykkt**

10. Tillaga um fjárhagslegan stuðning Háskóla Íslands við Stúdentaleikhúsið  
(atkvæðagreiðsla) 19:20-19:33

*Proposal on financial support from the University of Iceland to the Student Theatre*

- a. Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs í samráði við félagslífs- og menningarnefnd óski eftir því að Háskóli Íslands styðji fjárhagslega við Stúdentaleikhúsið og bjóði afnot af sýningar- og æfingarrýmum innan háskólans.

*Stúdentaráðsfundur  
20. janúar 2022*

## TILLAGA

### Tillaga um fjárhagslegan stuðning Háskóla Íslands við Stúdentaleikhúsið

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs í samráði við félagslífs- og menningarnefnd óski eftir því að Háskóli Íslands styðji fjárhagslega við Stúdentaleikhúsið og bjóði afnot af sýningar- og æfingarrýmum innan háskólans. Þannig getur Háskólinn stutt við fjölbreyttara háskólasamfélag sem eflir andlega heilsu og líðan nemenda. Tillaga þessi er gerð í samráði við núverandi stjórn Stúdentaleikhússins.

### Rökstuðningur

Hér er lagt til aukið samstarf milli Háskóla Íslands og Stúdentaleikhússins. Stúdentaráð Háskóla Íslands stofnaði leikfélag stúdenta árið 1928 sem í dag þekkist betur sem Stúdentaleikhúsið. Leikfélagið hlaut fjárhagslegan stuðning á fyrri árum en er núna sjálfstætt starfandi. Leikhúsbransinn á Íslandi er almennt engin gróðrastarfsemi og hljóta stærri leikfélög styrki frá ríkinu. Sem áhugaleikhús, krefst starfsemi stúdentaleikhússins lítills fjármagns, sér í lagi ef Háskólinn getur boðið aðstöðu til æfinga og/eða sýninga. Helsti kostnaður þá yrði launakostnaður listræns stjórnanda og

gætifjárhagsstuðningurinn verið ákveðinn ár hvert í samkomulagi á milli Háskóla Íslands og stjórn Stúdentaleikhússins. Í stefnu HÍ fyrir árin 2021-2026, betur þekkt sem HÍ26, eru áætlanir um fjölbreytt háskólasamfélag og samstarf við samfélagið teknar fyrir. Að styðja við listastörf stúdenta mun styrkja stöðu skólans í samfélaginu og efla félagslíf skólans til muna. Á vefsíðu skólans má lesa um Stúdentaleikhúsið sem hluta af félagslífi skólans, þrátt fyrir að háskólinn veiti félaginu engan stuðning eins og fordæmi er fyrir. Háskóli Íslands getur samið við stúdentaleikhúsið um aukin störf félagsins í hag Háskólans, til að nefna skemmtanir á viðburðum. Einnig getur Háskóli Íslands fengið nafn sitt bendlað við starfsemi leikhússins og bent nemendum sínum á leikhúsið sem hluta af félagslífi háskólans. “Háskóli Íslands, stoltur stuðningsaðili Stúdentaleikhússins”. Í staðinn getur háskólinn boðið leikfélaginu upp á aðstöðu innan skólans til þess að æfa og sýna leikverk og fjárhagslegan stuðning sem ákvarðaður er í samkomulagi milli eininganna.

*Stefán Kári Ottósson*

**b. Atkvæðagreiðsla: 17, einróma samþykkt**

11. Önnur mál 19:33-19:38

*Other issues*

- a. Anna María Björnsdóttir varðandi Stúdentablaðið: Anna og Karítas munu taka viðtal við Áslaugu Örnú í næstu viku og Stúdentaráðsliðum er boðið að koma með punkta eða spurningar til hennar.
- b. Sara Þöll er með tvær áminningar: 1) Myndataka er enn í gangi og óskað er eftir því að allir skrái sig eða láti vita ef tímasetningar henta ekki. 2) Það þarf að láta vita ef meðlimir SHÍ vilji fá störf skráin skráð í viðaukan á brautskráningarskírteinið fyrir 19. febrúar.
- c. Isabel ætlar að senda örkönnun um fundartíma á vormisseri.

12. Fundi slitið 19:39

*Meeting ends*